

Ávarp stjórnarformanns

Ágæti fundarstjóri, fulltrúar og aðrir fundargestir

Árið 2020 verður okkur vafalaust lengi í minnum enda atburðarrás þess nokkuð sem enginn sá fyrir. Í upphafi ársins gerði Covid-19 veiran vart við sig og á fyrsta ársfjórðungi var ljóst að skæður heimsfaraldur hafði brotist út.

Efnahagslegra áhrifa gætti fyrst hér heima þegar ferðamannaíðnaðurinn lagðist af á nánast nokkrum dögum en hann hefur á undanförnum árum byggst upp sem ein af meginstoðum okkar atvinnulífs og útflutningsverðmæta.

Sóttvarnaaðgerðir, óvissa og vangaveltur um þróun bóluefna hafa æ síðan sett svip sinn á hagkerfið. Efnahagslegu áhrifin af heimsfaraldrinum virðist vera mjög misskipt milli atvinnugreina þar sem ákveðinn hluti þjóðarinnar verður fyrir miklum áhrifum meðan aðrir hópar hafa aldrei notið meiri kaupmáttar.

Gripið hefur verið til margvíslegra mótvægisáðgerða til að milda höggið og sporna við stigvaxandi atvinnuleysi. Mörg fyrirtæki höfðu styrk til að mæta samdrætti og staða heimilanna hafði styrkst til muna á árunum fyrir heimsfaraldurinn. Vísbendingar benda til þess að viðspyrnan verði kröftug þegar að áhrif heimsfaraldursins þverra.

Ávöxtun eigna sjóðsins var af framangreindum ástæðum mjög sveiflukennnd innan ársins. Á fyrsta ársfjórðungi lækkuðu hlutabréf í eignasafni sjóðsins töluvert en lágt áhættustig og dreifð eignasamsetning drógu úr áhrifum þessa á eignasafnið í heild.

Í kjölfar vaxtalækkana og annarra örvandi aðgerða opinberra aðila til að stemma stigu við áhrifum Covid-19 tóku verðbréfamarkaðir við sér á ný og nam raunávöxtun eigna Stapa árið 2020 ríflega 9%. Sú góða ávöxtun kemur í kjölfarið á tæplega 10% raunávöxtun ársins 2019 og hafa undanfarin ár því verið meðal bestu ára sjóðsins hvað varðar ávöxtun.

Ávöxtunarmarkmið sjóðsins er 3,5% raunávöxtun en meðalraunávöxtun undanfarinna 10 ára nemur 4,5%.

Réttindakerfi Stapa virkar á þann hátt að iðgjaldi sjóðfélaga er varið annars vegar í áfallatryggingar (þ.e. örorkulífeyrir, barnalífeyri og makalífeyri,) og hins vegar til myndunar réttindasjóðs til ellilífeyris. Lögum samkvæmt á sjóðurinn að lágmarki að tryggja 56% af meðallaunum lífeyrir miðað við innborgun í 40 ár. Þegar kemur að töku eftirlauna er réttindasjóðnum breytt í ævilangar mánaðarlegar greiðslur skv. töflum í samþykktum sjóðsins.

Réttindasjóðurinn ávaxtast eins og hrein ávöxtun eigna sjóðsins. Ávöxtunin er mæld með eignavísitölu Stapa sem hækkaði um 13% á árinu, annað árið í röð. Þetta þýðir að áunninn réttur sjóðfélaga okkar til eftirlauna hækkaði um 13% á árinu.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris vex áfram hröðum skrefum, bæði vegna hækkandi iðgjalda og góðrar ávöxtunar. Í árslok 2020 nam hún 295.868 milljónum króna og hækkaði um 39.735 milljónir króna á árinu. Hrein eign tryggingadeildar nam 288.345 milljónum króna og hrein eign séreignardeilda 7.523 milljónum.

Á árinu 2020 undirritaði sjóðurinn undir "Viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar" ásamt ríkisstjórn Íslands, bönkum, sparisjóðum, innlánsstofnunum, váttryggingafélögum, öðrum lífeyrissjóðum og fjárfestingarsjóðum.

Með undirrituninni skuldbindur Stapi sig til að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og þeirra viðmiða sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér. Þá skuldbindur sjóðurinn sig skv. viljayfirlýsingunni til að birta stefnu sína um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar og veita upplýsingar um leiðir sínar í þessum málum.

Frá árinu 2018 hefur Stapi gert grein fyrri beitingu atkvæðaréttar sjóðsins á hluthafafundum skráðra innlendra hlutafélaga á heimasíðu sjóðsins. Með þessu frumkvæði vill sjóðurinn sýna í verki ábyrgð gagnvart sjóðfélögum, hlutaðeigandi fyrirtækjum og öðrum hagaðilum og auka gegnsæi í starfsemi sjóðsins.

Þá er Stapi stofnaðili að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu og umræðu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga.

Stjórn Stapa hefur sett sjóðnum það markmið til lengri tíma að hlutfall erlendra eigna í eignasafni verði allt að 40%. Hækkandi hlutfall erlendra eigna í safni Stapa er mikilvægt út frá áhættudreifingarsjónarmiðum í ljósi þeirrar miklu samþjöppunaráhættu sem felst í háu hlutfalli innlendar verðbréfaeignar á nokkuð fábrotnum verðbréfamarkaði.

Að óbreyttu má búast við að því markmiði verði náð innan fárra ára og því bíður stjórnar það verkefni að móta viðbrögð sjóðsins og áhættuþol.

Á árinu voru hjá okkur 14.654 virkir sjóðfélagar í tryggingadeild en aðeins 783 virkir sjóðfélagar sem greiddu til okkar í séreign. Ég vil vekja athygli á góðri ávöxtun á séreignasöfnum okkar en meðalávöxtun síðastliðna 10 ára er vel yfir 5% ársávöxtun og vil ég því eindregið hvetja alla launþega til þess að nýta sér þennan rétt til sparnaðar og ég get stolt sagt frá því að Stapi er verðugur vörsluaðili þess sparnaðar.

Í tilgreinda séreign voru ekki nema 370 launþegar og vil ég sömuleiðis hvetja launþega líka til þess að kynna sér sín réttindi til þess að taka upplýsta ákvörðun varðandi sín 3,5% af mótframlagi sem þeir sjálfir geta ráðið yfir.

Heildarlífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu námu 7.140 milljónum króna og hækkuðu um 11,4% frá fyrra ári. Stærstan hluta lífeyrisgreiðslna má rekja til eftirlauna, eða sem nemur 71%, örorkulífeyrir nam 24% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins og barna- og makalífeyrir 5%. Lífeyrisþegar í árslok voru 10.966 og fjölgaði um 705 frá fyrra ári.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins styrktist á árinu, er jákvæð um 1,5% í lok árs, en var neikvæð um 0,4% í lok árs 2019.

Á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 15 sinnum, þar af einu sinni án starfsmanna sjóðsins. Þá fundaði endurskoðunarnefnd sjóðsins fimm sinnum á árinu, en hún er eina starfandi undirnefnd stjórnar.

Frá árinu 2019 hefur stjórn sjóðsins boðað til fulltrúaráðsfundar sjóðsins tvisvar á ári í samræmi við ákvæði sem komu inn í samþykktir sjóðsins árið 2019.

Vegna samkomutakmarkana hafa þrjár af fjórum fulltrúaráðsfundum sjóðsins verið haldnir með rafrænum hætti. Rafrænir fundir henta sjóði eins og Stapa mjög vel, þar sem starfssvæðið er afar

víðfeðmt. Framkvæmd rafrænna funda hefur þróast hjá okkur, enginn fæðist fullnuma en það er skoðun okkar að þetta form á fulltrúaráðsfundum sé komið til að vera.

Við gerum ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á næstu árum.

Áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 gætir þó enn í daglegum rekstri sjóðsins auk þess að hafa nokkur áhrif á virði eigna sjóðsins. Þegar viðbragðsáætlun sjóðsins vegna heimsfaraldursins er virk starfar hluti starfsmanna Stapa utan starfsstöðvar og aðgengi að skrifstofum sjóðsins er takmarkað.

Þannig hefur tekist að halda daglegri starfsemi sjóðsins í fullri virkni við krefjandi aðstæður. Gera má ráð fyrir að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til með það að markmiði að auka vægi rafrænna samskipta innan og utan sjóðsins verði þróaðar áfram sem hluti af hefðbundinni starfsemi sjóðsins. Áhrifa heimsfaraldursins mun vafalítið gæta í daglegri starfsemi sjóðsins áfram á árinu 2021 en áhrif hans á eignasafn sjóðsins gætu varað lengur.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki sjóðsins sérstaklega fyrir sinn sveigjanleika í starfi til þess að takast á við þessar krefjandi aðstæður sem Covid-19 hefur skapað okkur, sömuleiðis vil ég þakka stjórn fyrir gott samstarf á árinu.

Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður